

Nd.

9. Frumvarp til laga

[9. mál]

um sameiningu Borgarfjarðarhrepps og Loðmundarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu í einn hrepp.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

Borgarfjarðarhreppur og Loðmundarfjarðarhreppur í Norður-Múlasýslu skulu vera einn hreppur, sem heitir Borgarfjarðarhreppur.

2. gr.

Kostnaður við fjallskil á eyðilöndum í Loðmundarfirði skiptist þannig, að eigendur eyðingarða bera $\frac{1}{4}$, sveitarfélög þau, er fjárvon eiga í löndum þessum, sameiginlega $\frac{1}{2}$ og ríkið $\frac{1}{4}$. Kostnaður eyðingarðaeigenda skiptist á milli þeirra í réttu hlutfalli við landverð eyðingarðanna samkvæmt gildandi fasteignamati. Sá hluti fjallskilakostnaðarins, sem kemur í hlut sveitarfélaganna samkvæmt grein þessari, skiptist á milli þeirra í réttu hlutfalli við tölu þess fjár, sem kemur af fjalli og tilheyrir íbúum hvers þeirra fyrir sig.

Verði ágreiningur um fjallskilakostnað skal Búnaðarfélag Íslands úrskurða kostnaðarreikningana.

3. gr.

Kostnaður við grenjaleitir í Loðmundarfirði samkvæmt lögum nr. 52 5. júní 1957 endurgreiðist Borgarfjarðarhreppi næstu fimm árin úr ríkissjóði, enda verði framkvæmd grenjaleitar hagað í samráði við veiðistjóra ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Síðustu árin hefur byggð að kalla lagzt af í Loðmundarfjarðarhreppi, því að þar hefur aðeins dvalizt einn maður, bóndinn að Sævarenda.

Á aukafundi sýslunefndar Norður-Múlasýslu, sem haldinn var 3. júlí 1969, var því samþykkt með samhljóða atkvæðum svofelld ályktun:

„Með því að Loðmundarfjarðarhreppur er nú orðinn allt of fámennur til að geta rækt þær skyldur við íbúa sína, sem sveitarfélagi ber að rækja, mælist sýslunefnd Norður-Múlasýslu til þess við félagsmálaráðuneytið, að gerðar verði ráðstafanir til að sameina hreppinn öðru sveitarfélagi“.

Með samþykki bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar var lagt fyrir Alþingi 1969 frumvarp um stækkun lögsagnarumdæmis Seyðisfjarðarkaupstaðar. Í frumvarpi þessu var lagt til, að Loðmundarfjarðarhreppur yrði sameinaður Seyðisfjarðarkaupstað. Í frumvarpinu voru sérákvæði um skiptingu kostnaðar vegna fjallskila á eyðilöndum í Loðmundarfirði svo og einnig sérákvæði um grenjaleitir. Frumvarp þetta hlaut ekki afgreiðslu á Alþingi.

Á hreppsnefndarfundi Borgarfjarðarhrepps hinn 9. apríl 1969 var samþykkt, að Borgarfjarðarhreppur tæki við Loðmundarfjarðarhreppi á sömu forsendum og Seyðisfirðingum hafa verið boðnar, ef ekki næðust hagkvæmari samningar. Þessi samþykkt var endursamþykkt af nýrri hreppsnefnd hinn 14. desember 1970.

Með frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er því lagt til, að Loðmundarfjarðarhreppur verði sameinaður Borgarfjarðarhreppi. Í frumvarpinu eru ákvæði um skiptingu kostnaðar við fjallskil, sbr. 2. gr., og ákvæði um grenjaleitir, sbr. 3. gr., sem eru að efni til samhljóða ákvæðum um þessi tilvik, sem voru í frumvarpinu frá 1969. Að öðru leyti visast til athugasemda við það frumvarp.

Loðmundarfjarðarhreppur er skuldlaus og engir styrkþegar eru á hans vegum.